

Efnahagsyfirlit VR er gefið út í tengslum við mánaðarlega stjórnarfundir félagsins. Yfirlitið er samantekt á hagtölum og öðru efni sem tengist vinnumarkaðs- og kjaramálum og er tilgangurinn að upplýsa og fræða launamenn um stöðu þjóðhagsmála hverju sinni.

Efni yfirlitsins að þessu sinni er:

1. Landsframleiðsla á 3. ársfjórðungi og hagvaxtarspár
2. Verðbólga í nóvember
3. Atvinnuleysi og hlutfall starfandi í október
4. Íbúða- og leiguverð
5. Væntingarvísitala Gallup
6. Tryggingagjaldið
7. Kaupmáttur



1. Landsframleiðsla á 3. ársfjórðungi og hagvaxtarspár

Á 3. ársfjórðungi 2015 mældist hagvöxtur 2,6% m.v. sama ársfjórðung 2014. Á fyrstu 9 mánuðum ársins var hagvöxtur 4,5% sem er mesti hagvöxtur á fyrstu 9 mánuðum árs frá hruni og nánast sami hagvöxtur og á fyrstu 9 mánuðum ársins 2006.

Hagvöxtur á 3. ársfjórðungi var drifinn áfram af einkaneyslu og fjárfestingum. Utanríkisviðskipti, þ.e. munurinn á útflutningi og innflutningi, höfðu neikvæð áhrif uppá 0,5%, sjá mynd 1.

Greiningaraðilar gera ráð fyrir 4,3-5,4% hagvexti árið 2015. Meðalspáin er 4,6%. Mynd 2 sýnir hagvaxtarspár greiningaraðila 2015-2018 en þar má meðal annars sjá að nokkur munur er á spám þeirra en t.a.m. er lægsta spáin 2017 2,5% en sú hæsta 4,4%.

Til að meðal hagvaxtarspáin gangi eftir fyrir 2015 þarf hagvöxtur á 4. ársfjórðungi að mælast 5,0% sem er nokkru yfir langtíma meðaltali á hagvexti 4. ársfjórðungs.



2. Verðbólga í nóvember og spár Seðlabankans


Verðbólgan í nóvember var undir spám greiningaraðila en þær lágu á bilinu 2,1-2,4%. Verðbólga mældist 2,0% í nóvember og var drifinn áfram af húsnæðisverði. Án húsnæðisverð mældist verðbólgan 0,3%. Verðbólga án skattaáhrifa (þ.e. verðbólgan ef ekki hefði komið til skattbreytinga á borð við virðisaukaskatt) mældist 1,6%.

Mynd 4 sýnir að verðbólgan hefur verið drifinn áfram af húsnæðisverði (brúnu súlurnar). Það sem haldið hefur aftur af verðbólgunni eru innfluttar vörur og bensín. Bensín er líklegt til að halda áfram að halda verðbólgunni niðri en frá byrjun desember hefur olía á heimsmarkaði lækkað um 9%. Miðað við meðalverð á olíu það sem af er desember þarf að leita aftur til júlí 2004 til að finna sambærilegt verð. Olíuverð hefur tvenns konar áhrif á verðbólgu. Annars vegar eru það bein áhrif vegna kaupa neytenda á olíu t.d. fyrir ökutæki og hins vegar óbein áhrif þegar verð á vörum, þar sem olían er mikilvægt aðfang, lækkar í verði. Seinni áhrifin eru t.d. flutningar.


Greiningaraðilar vanspáðu verðbólgunni um tíma en eftir að kjaraviðræðurnar urðu erfiðari urðu verðbólguþspár greiningaraðila dekkri. Mynd 5 sýnir verðbólguþspár Seðlabanka Íslands út árið 2016. Spáin frá febrúar 2015 var mjög bjartsýn og var verðbólgan nokkuð yfir þeirri spá. Maí spáin hækkaði nokkuð og hefur verðbólga verið almennt í takt við hana. Ný spá frá Seðlabankanum birtist svo í ágúst sem var töluvert dekkri en spár annarra greiningaraðila. Nýjasta spá Seðlabankans er svo frá nóvember 2015 en sú spá er að mestu leyti í takt við maí spánni. Spáin frá ágúst vekur nokkra furðu og líklegt að Seðlabankinn hafi annað hvort stórlega ofmetið áhrif launahækkanna á verðbólgu eða gert ráð fyrir mun meiri hækkunum í ágúst spánni miðað við aðrar spár bankans.

Gangi nýjasta spáin eftir mun verðbólga fara yfir verðbólguþspár Seðlabankans á 1. ársfjórðungi 2016 þegar gert er ráð fyrir að hún verði 2,7%. Verðbólgan mun svo ná hámarki á 1. ársfjórðungi 2017 þegar því er spáð að hún nái 4,1%.


Mynd 3 - Verðbólga



Mynd 4 - Verðbólga eftir eðli og uppruna



Mynd 5 - Verðbólguþspár Seðlabanka Íslands






3. Atvinnuleysi og hlutfall starfandi í október 2015

Atvinnuleysi skv. vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar mældist 3,8% í október og hélst þannig óbreytt frá fyrra mánuði en lækkar þó um 1,2%-stig frá sama mánuði í fyrra þegar það mældist 5,0%. Hlutfall starfandi var 78% í október 2015 og lækkar þannig lítillega milli mánaða en hlutfallið var 78,4% í september. Miðað við sama tímabil í fyrra hækkar hlutfall starfandi um 0,2%-stig.

Mynd 6 sýnir leitni atvinnuleysis og hlutfall starfandi. Þar sést að hægt hefur á lækkun atvinnuleysis sem og aukningu í hlutfalli starfandi. Áður hafa komið tímabil þar sem hægt hefur á batanum en þau hafa öll verið tímabundin. Erfitt er að segja til um hvort það sama sé upp á teningnum í dag.

Atvinnuleysi samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar var 2,6% í október 2015 samanborið við 3,2% í október 2015. Vinnumálastofnun tekur aðeins tillit til þeirra sem fá greiddar atvinnuleysisbætur en Hagstofan gerir vinnumarkaðskönnun þar sem reynt er að ná utan um þann fjölda sem ekki fær greiddar atvinnuleysisbætur en er þó atvinnulaus.

Mynd 8 sýnir breytingu á atvinnuleysi í tilteknum mánuði miðað við sama mánuð árið á undan. Þannig sést að á miðju ári 2012 dróst atvinnuleysi saman um nær 2%-stig frá fyrra ári. Myndir 7 og 8 sýna þannig saman að atvinnuleysi er á niðurleið, en þó hægar en áður.



4. Íbúða- og leiguverð

Í október 2015 hækkaði íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu um 10% m.v. sama mánuð 2014. Fjölbýli hækkaði um 10,3% og sérbýli um 9%. Raunhækkun húsnæðis, þ.e. að teknu tilliti til verðbólgu, var 9,7%¹. Þá hækkaði leiguverð skarpt í október og mældist hækkunin miðað við sama tímabil í fyrra 5% samanborið við 2,5% hækkun í september 2015 m.v. september 2014.


Frá janúar 2011 hefur íbúðaverð hækkað um 46,5% og leiguverð um 44,7%. Það jafngildir 8,4% hækkun að jafnaði á ári fyrir íbúðaverð og 8,1% fyrir leiguverð.

Íslandsbanki og Landsbankinn birtu spár um íbúðaverð í nýútgefnum þjóðhagsspám sínum, Landsbankinn fram til 2018 en Íslandsbanki til 2017. Gangi spár bankanna eftir mun fasteignaverð hækka um 26,6% út 2017 en 31,7% út 2018. Þetta er 20,9% hækkun umfram verðbólgu horft til 2018 og 4,6% umfram launahækkunir út 2018, að gefinni spá Landsbankans um launahækkunir næstu árin.


Ástæður fyrir hækkuninni má meðal annars rekja til lítilla fjárfestinga í íbúðarhúsnæði, sjá mynd 11. Fjárfesting tók kipp á 3. ársfjórðungi 2013 en hefur lítið aukist frá þeim tíma. Sem hlutfall af landsframleiðslu hefur íbúðarfjárfesting aldrei verið minni.

Ofan á litla fjárfestingu í íbúðarhúsnæði eru margar íbúðir til útleigu til ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu en samkvæmt skýrslu Háskólans á Bifröst² voru 2.434 íbúðir og 975 herbergi í Reykjavík skráð á síðuna Airbnb.com. Það jafngildir 4% allra íbúða í Reykjavík samkvæmt skýrslunni. Þetta hefur óneytanlega áhrif á leiguverð sem síðan þrýstir upp fasteignaverði.


Mynd 9 - Húsnæðis- og leiguverð



Mynd 10 - Raunverð húsnæðis og spá



Mynd 11 - Fjárfesting íbúðarhúsnæðis



¹ Miðað er við vísitölu neysluverðs án húsnæðis


² Gunnar Alexander Ólafsson og Brimar Aðalsteinsson, (2015). Íbúðagisting – Rannsókn á umfangi íbúðagistingar í ferðaþjónustunni.

5. Væntingar einstaklinga taka stökk

Væntingavísitala Gallup mælir tiltrú og væntingar fólks til efnahagslífsins, atvinnuástandsins og heildartekna heimilisins. Vísitalan er byggð á fimm þáttum:

1. Mati á núverandi ástandi
2. Væntingum til efnahagslífsins eftir 6 mánuði
3. Mati á núverandi ástandi í atvinnumálum
4. Væntingar til atvinnuástands eftir 6 mánuði
5. Væntingar til heildartekna heimilisins eftir 6 mánuði

Sé vísitalan jöfn 100 gefur það til kynna að jafn margir svarendur eru jákvæðir og neikvæðir. Frá janúar 2002 til desember 2007 var vísitalan að meðaltali 119. Í nóvember 2015 mældist hún 117,9 og er því ansi nærri meðaltali árin fyrir hrun. Hæst fór hún í 154,9 í maí 2007. Væntingavísitalan og breyting á Kaupmáttarvísitölu VR fylgjast vel að en að jafnaði má gera ráð fyrir að 1% aukning kaupmáttar leiði til 4,5-5 stiga hækkunar væntingavísitölnnar.



6. Tryggingagjaldið

Tryggingagjaldið hefur verið töluvert í umræðunni undanfarið en Samtök atvinnulífsins segja að ekki verði hægt að ganga frá samkomulagi um þær viðbótar kostnaðarhækkanir sem SALEK samkomulagið feli í sér án nauðsynlegra mótvægisáðgerða. Í stuttu máli er tryggingagjaldip gjald sem launagreiðendum ber að standa skil á til ríkisins og er það reiknað af heildarlaunum starfsmanna. Hluti af gjaldinu rennur til Atvinnuleysistryggingasjóðs en greiðslur atvinnuleysisbóta koma úr þeim sjóði. Tryggingagjaldið hækkaði mikið eftir hrun þegar atvinnuleysi jókst mikið en hefur ekki lækkað í takt við minna atvinnuleysi seinustu árin.


Nálgast má grein hagfræðings VR um tryggingagjaldið inná vr.is.

7. Kaupmáttur eykst

Kaupmáttarvísitala VR hækkaði um 4,5% í september 2015 samanborið við september 2014. Alla jafna er slík aukning kaupmáttar talin nokkuð mikil en horft til annarra hagvísu á borð við landsframleiðslu á mann þá virðist aukningin ekki vera úr takti við hagkerfið í heild.

Frá upphafi árs 2000 hefur Kaupmáttarvísitala VR og landsframleiðsla á mann haldist nokkuð vel í hendur þó kaupmáttur hafi fallið töluvert meira í kjölfar hruns. Frá 2010 virðast launahækkanir hafa náð að vinna upp það bil sem hefur myndast og erfitt að sjá að þróun kaupmáttar hafi verið úr takti við efnahagslífið í heild.

Nálgast má grein hagfræðings VR um kaupmátt, framleiðni og landsframleiðslu inná vr.is.





Efnahagsyfirlit VR er unnið af starfsmönnum VR. Umfjöllunin byggir á upplýsingum frá innlendum og erlendum gagna- og upplýsingaveitum sem og úr gagnagrunni VR. Efnahagsyfirlit VR er birt í upplýsingaskyni og skal ekki líta á það sem ráðgjöf á neinn hátt.